



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 154

Margrét Ásgeirsdóttir

(21. ágúst 1928)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 154

Margrét Ásgeirsdóttir

Margrét Kristjana Ásgeirsdóttir er fædd 21. ágúst 1928 í Skógum, Mosdal, í Arnarfirði, V.-Ísafjarðarsýslu. Foreldrar hennar voru: Ásgeir Bjarnason, sjómaður, fæddur 27. september 1900 í Stapadal í Arnarfirði, dáinn 6. apríl 1970, og Guðný Þorvaldsdóttir, húsfreyja, fædd 28. mars 1908 á Rauðsstöðum í Arnarfirði, dáin 4. nóvember 1985. Margrét flutti 8 ára gömul til Siglufjarðar með foreldrum sínum.

Margrét lauk þremur bekkjum í Menntaskólanum á Akureyri, prófi í bókhalði, símritaraprófi og loftskýtaprófi 1948. Hún stundaði einnig myndlistarnám, lærði hnefaleika, karate og jóga. Hún söng með MA-kórnum meðan hún var í Menntaskólanum. Margrét bjó um nokkurt skeið í Sigurhæðum á Akureyri; hún flutti til Reykjavíkur um 1960. Hún starfaði í u.þ.b. 15 ár hjá Landssíma Íslands á Akureyri, síðar Reykjavík, lengst af sem símritari. Hún starfaði síðar aðallega við heildsölu. Hún var um skeið póst- og símstöðvarstjóri á Laugarvatni. Margrét var annar eigenda Gallerí Lækjartorg í Reykjavík. Hún var um skeið ritari Hugvitsmanna og þá frá stofnun þess.

Margrét giftist Aðalsteini Valdimarssyni, deildarstjóra hjá rafdeild K.E.A., fæddur 8. september 1928. Þau skildu. Dætur þeirra eru: Áslaug Ösp, fædd 22. desember 1952 og Guðný Þöll, fædd 21. nóvember 1955. Margrét var í sambúð árin 1961 -1967 með Steingrími Stefáni Thomasi Sigurðssyni, myndlistarmanni, fæddur 29. apríl 1925. Þau slitu samvistir. Börn þeirra eru: Steingrímur, fæddur 21. júlí 1962, Jón fæddur 28. mars 1964 og Halldóra, fædd 30. maí 1966. Margrét var í sambúð með Jóhanni G. Jóhannssyni tónlistar- og myndlistarmanni, fæddur 22. febrúar 1947. Þau slitu samvistir.

Margrét færði Borgarskjalasafni skjöl sín að gjöf 12. nóvember 1999 og 26. júní 2001.

Innihald öskju nr. 3 er trúnaðarmál til ársins 2026.

Skjalaskrá

Askja 1

Grá-gletta. Ljóð. Vísur.
Smásögur. 15 smásögur.

Askja 2

Fjármál af ýmsu tagi.
Kvittanir greiðslu v/ tímaritsins Magasín 5, 1984; kvittanir v/ útgáfu Magasín 5, 1984.
Kvittanir v/ Stöðvar 2, RÚV o.fl, 1990-1991.
Kvittanir v/ hússjóðs 1993-1995 og fl.
Úrskurðarorð Ríkisskattanevndar v/ Margrétar Ásgeirsdóttur og gögn tengd því 1984; Skattaframtal 1983, 1993-1996, óútfyllt.
Ýmis gögn í tengslum við Frjálslynda flokkinn; vottorð sem staðfestir að Margrét hafi 23. janúar 1999 lagt fram 1000 kr. til Frjálslynda flokksins.
Borgaraflokkurinn. Skipulagsreglur og landsfundarsamþykktir, 1989; Flokksráðstefna og sumarferð Borgaraflokksins, 1990.
Ýmis gögn um Frjálslynda flokkinn og Borgaraflokkinn úr fórum Margrétar eru varðveitt með smáprenti (stjórnsmál) Borgarskjalasafns.
Félag íslenskra hugvitsmanna og ýmis gögn þar að lútandi, þ.m.t. hugmyndir Margrétar, í haganlega gerðri möppu.
Magasín 5, 1.tbl. 1. árg. 1984. Ritstj.: Steingrímur Steingrímsson.
Póstkort og jólakort, 1964-1995.

Sótt 26. júní 2001:

Ljósmyndir: Margrét Ásgeirsdóttir; málverk eftir Margréti af Skógum, fæðingarbæ hennar; Áslaug; Áslaug; Guðný Þöll; Steingrímur, Jón Jón; Jón Jón með Birtu dóttur sína; Halldóra; skírn Viktors Alexanders, elsta sonar Halldóru, séra Georg, prestur í Landakirkju, Halldóra, Halldór maður hennar, bróðir hans, uppeldismóðir Halldóru og Steingrímur Sigurðsson; Sigurhæðir, málverk eftir Margréti; málverk af Margréti eftir Steingrím Sigurðsson og "dauðagríma" Margrétar; ullarþvottur á Skógum; Elías bóndi, Halldóra situr, Hanna systir hennar með fötu, Bjarni bróðir hennar og Ragna frænka hennar fjær.

Askja 3

Ýmis skjöl. *Trúnaðarmál. Lokað til 2026.*

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir